

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál 291/2019

Reykjavík, 9. desember 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 o.fl.

Allmargar umsagnir hafa komið fram um frumvarpsdrögin og skal tekið undir þau sjónarmið að frekara samráð þurfi við lífeyrissjóði og aðra hagsmunaaðila áður en svo viðamiklar breytingar á lífeyriskerfinu verði settar í lög. Hér skulu einungis nefnd nokkur atriði til áréttingar:

Í drögum að frumvarpinu er lögð til sú jákvæða breyting að lögfest verði að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verði 15,5% af iðgjaldsstofni í samræmi við breytingar sem orðið hafa á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og sem tíðkast hefur hjá opinberum aðilum. Einnig er jákvætt að heimila lífeyrissjóðum rafræna birtingu greiðslufirlita lífeyrisiðgjalda og upplýsinga um lífeyrisréttindi, hvort sem litið er til umhverfis- eða sparnaðarsjónarmiða.


Hins vegar skal heilshugar tekið undir gagnrýni sem fram hefur komið í fyrri umsögnum um þá ætlan að lögfesta þá nýju tegund séreignar sem nefnd er „tilgreind séreign“ og aðrar breytingar sem henni tengjast. Lífsverk hefur um árabil boðið sjóðfélögum að greiða í séreign þann hluta lögbundins iðgjalds sem umfram er lágmarkstryggingarvernd samkvæmt lögum, eða það sem umfram er 10% af iðgjaldsstofni samkvæmt núverandi réttindatöflum sjóðsins. Með því að lögfesta „tilgreinda séreign“ yrði að þrískipta greiðslum þeirra sem þetta kjósa, auk þess sem bæta þyrfti við sérstakri fjárfestingarleið fyrir „tilgreindu séreignina.“ Engin ástæða er til að lögfesta þessa nýju tegund séreignar, sem sprottin er uppúr kjaraviðræðum aðila vinnumarkaðarins án þess að nægilegt samráð væri haft við hagsmunaaðila. Ljóst er að flækjustig lífeyriskerfisins og kostnaður mun aukast töluvert við þessa breytingu.

Í þessu sambandi má vísa til greinar undirritaðs og Vals Hreggviðssonar, þáverandi stjórnarformanns Lífsverks, sem birtist í Morgunblaðinu 1. ágúst 2017 og ber yfirskriftina „Um flækjur og forsjárhyggju.“ Í greininni segir m.a.: „Við hjá Lífsverki veltum því fyrir okkur af hverju aðilar vinnumarkaðarins skyldu hafa þurft að búa til enn eina tegundina af lífeyri, sem þröngvað var svo uppá starfsgreinasjóðina á elleftu stundu þannig að allir þurftu að grípa til ráðstafana og boða til aukaaðalfunda. Væntanlega hefur ætlunin verið að halda þessari nýju tegund hjá tilgreindum sjóðum, sem nú virðist ekki ætla að ganga upp.“ Í greininni

segir ennfremur: „Sjóðfélagalýðræði er einn af hornsteinum Lífsverks þar sem sjóðfélagar hafa allt frá stofnun kosið sjálfir alla stjórnarmenn og ákveðið samþykktir fyrir sjóðinn. Lýðræðið er iðulega það atriði sem landsmenn telja með því mikilvægasta í sambandi við val á lífeyrissjóði. Við teljum eðlilegt að sjóðfélagar geti líka ákveðið sjálfir hvernig haga skal meðferð hækkandi mótframlags launagreiðenda á meðan það ekki brýtur í bága við gildandi lög um lífeyrissjóði. Við treystum einstaklingnum til að velja.“

Að lokum skal tekið undir gagnrýni á IV. kafla frumvarpsins, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, en þar er gert ráð fyrir því að séreign sem myndast hefur af lágmarksiðgjaldi komi til skerðingar á greiðslum frá Tryggingastofnun. Í umsögnum hefur verið bent á að séreign af lágmarksiðgjaldi og séreign af viðbótariðgjaldi hafi verið blandað saman hjá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum í fortíðinni og því sé ekki unnt að gera greinarmun á þessum sparnaði. Þar að auki felst í ákvæðinu gróf mismunun, þar sem gert er ráð fyrir undanþágu til þeirra sem þegar hafa hafið töku lífeyris. Þeir sem hefja munu töku lífeyris á næstu árum og hafa í mörgum tilvikum orðið fyrir miklum skerðingum, m.a. vegna efnahagshrunsins, munu því verða fyrir enn frekari og ófyrirséðum skerðingum verði þetta ákvæði frumvarpsins óbreytt að lögum.

Virðingarfyllst,



Jón L. Arnason
framkvæmdastjóri